

Stjórnarfundur Almannaheilla

10. nóvember 2025 kl. 08:30

Urriðaholtsstræti 14

Mætt: Ingveldur Jónsdóttir (IJ), Una Gunnarsdóttir (UG), Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (JAB), Tryggvi Axelsson (TA), Gunnar Hersveinn (GH) (í fjarfundabúnaði) og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF). Forföll boðuðu Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF), Sigríður Sólán (SS) og Sigurgeir Þórisson (SP).

Fundur settur: 8:36

1. Fundargerð síðasta fundar

Ein athugasemd gerð við orðalag. HTF leiðréttir og sendir uppfært eintak til stjórnar.

2. Fundur fólksins

Farið var yfir stöðuna á fundinum, praktísk atriði, kynningu og spurningar fyrir samtal við forseta Íslands.

3. Fastur fundartími stjórnar

Rætt um að fastan fundartíma. Ákveðið að funda annan mánudag í mánuði frá 8:30-10:00. Næsti fundur verður haldin í Urriðaholtinu. HTF sendur fundarboð fyrir fundina fram á næsta sumar.

4. Verkefnalisti stjórnar

a. Uppfærsla samþykktar

Áfram rætt um mikilvæg þess að uppfæra samþykktir félagsins. Annars vegar þarf að fara yfir praktísk atriði og uppfæra þannig að samþykktirnar séu í samræmi við lög um almannaheillafélög. Hins vegar þarf að ræða tilgang og markmið félagsins. Ákveðið byrja á að skoða praktísku atriðin. TA tekur fyrsta snúning og stjórnin verður innan handar. Ákveðið að taka nánari umræðu á næsta stjórnarfundum um tilgang og markmið og mögulega stefnumótun fyrir félagið og ákveða í kjölfarið hvaða skref er best að taka.

b. Fjölgun aðildarfélaga

HTF áframsendir samantekt yfir mögulega félög frá SP. Að öðru leiti var umræðum frestað.

c. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Umræður um stöðuna á ályktun aðalfundar um að framlengja ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað. Búið er að senda erindi til efnahags- og viðskiptanefndar. HTF farlið að skoða möguleika á að koma þessu enn frekar á framfæri.

Einnig var rætt um að ákveða tvo viðburði á næstu önn, skoða mögulegt verkefni um framlag almannaheillafélaga til samfélagsins.

5. Önnur mál

a. Húsnæðimál í Urriðaholti

Umræður um praktísk atriði varðandi að skila húsnæðinu, svo sem húsgögn, gögn og nýtt lögheimil félagsins. Bent var á að óheppilegt væri að félagið missti starfstöð og lögheimili í eigin húsnæði enda almennt er varnarþing tiltekið í samþykktum og æskilegt að hafa heimilsfang frekar en pósthólf. Auk þess var bent á að þýðingamikið hafi verið að hafa aðstöðuna. Stjórn er Oddfellow þakklát fyrir stuðningin sem félagið hefur veitt Almannaheillum síðastliðin 5 ár. ÍJ kannar stöðu á eignarhaldi á húsgögnum. Rætt um að athuga með að geyma fundarpúlt, skilti og gögn hjá Foreldrajafrétti til að byrja með. Formaður lagði til að skoða með mögulega aðstöðu í Mannréttindahúsi eða öðrum stöðum þar sem mörg félög eru saman. HTF á áfram samtal við Oddfellow um skil á húsnæði.

b. Símanúmer, netföng og vefsíða

Fram kom að misræmi væri milli upplýsinga um símanúmer og netfang á vefsíðu félagsins og hjá ja.is. Ákveðið að taka símanúmer félagsins út og láta loka því og hafa netfangið almannaheill@almannaheill.is skrá hjá ja.is. Símanúmer formanns kemur fram á vefsíðu félagsins. Einnig ákveðið að hafa sjálfvirktt svar á netfanginu almannaheill@almannaheill.is. Þá sagði JAB frá því að hann væri að vinna að því að setja þá ársreikninga og fundargerðir stjórnar sem vantar á vefsíðuna. ÍJ sendir einnig aftur hlekk á gagnasvæði félagsins til stjórnar

c. Bókhaldsnámskeið í ágúst 2025

Fyrirspurn um hvernig bókhaldsnámskeið sem haldið var fyrir aðildarfélög í ágúst hafi gengið. 10 voru skráðir og almenn ánægja með námskeiðið. Umræða um að muna að skrifa fréttir á vefinn eftir viðburði.

Fundargerði ritaði: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz